

5 ára afmæli menntabúða UT-torgs

Jibbí – Jey. Við eigum afmæli í dag!!

Í dag 1. nóvember 2018 eru 5 ár síðan við höldum fyrstu UT menntabúðirnar á Menntavísindasviði HÍ, „*Trix, Tækni og Tenglsanet*“. Upphafshópur skipuleggjenda menntabúða UT-torgs eru Bjarndís Fjóla, Hanna Rún Eiríksdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Svava Pétursdóttir, Tryggvi Thayer og Þorbjörg Þorsteinsdóttir. Við höfum haldið fjöldan allan af menntabúðum víða um land. Megin markmið menntabúða er að efla tengslanet þátttakenda. Ég hef sagt það áður og held því áfram að menntabúðir er skemmtilegasta og áhrifaríkasta starfsþróun sem ég hef tekið þátt í undanfarin ár.

Menntabúðir tengjast vel hugmyndafræði lærdómssamfélagsins þar sem jafningjar koma saman, ræða málin, deila þekkingu, reynslu og hugmyndum. Þátttakendur menntabúða UT-torgs skipta hundruðum og erum við mjög þakklát fyrir góðar viðtökur, jákvæðni og þolinmæði í okkar garð.

Kærar þakkir þið öll.

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

F.h. skipuleggjenda Menntabúða,
Bjarndís Fjóla Jónsdóttir.



Hátíðarkveðjur

Um leið og við þökkum kærlega fyrir þátttöku og samstarf á árinu sem er að líða, sendum við hugheilar hátíðarkveðjur með ósk um farsælt komandi UT ár.

Hlökkum til áframhaldandi samvinnu og samveru á árinu 2017.

Myndskeiðið hér fyrir neðan er með svipmyndum frá starfsemi UT-torgs 2016.

Menntabúðir III haust 2014 fréttir

Þriðju menntabúðir haustmíssis voru haldnar í dag, þemað að þessu sinni var sköpun. Að vanda voru fjölbreyttar kynningar og um 50 þátttakendur komu víða að af öllum skólastigum. Einstaklega var gaman að sjá svo mörg ný andlit

og ánægjulegt hversu margir sýna áhuga og eru tilbúnir að taka þátt í þessum tilraunum með okkur. Skráning er í fullum gangi á næstu menntabúðir sem verða fimmtudaginn 13. nóvember og þemað verður Vendikennsla. Hér getur þú skráð þig.





Svæðinu var skipt í 5 stöðvar og keyrt var í tveimur lotum 45 mín. hvor. Ein stöðin var með öðru sniði, en þar var Páll Thayer í beinni útsending frá USA í gegnum Google Hangouts. Ákveðið var að prófa að skrá endurgjöf þátttakenda á padletborð, smelltu hér til að skoða það.




Eftirfarandi kynningar voru:




- Kennsluhugmyndir um skapandi verkefni (Sesselja Guðmundsdóttir, Ártúnsskóla)
- Skapandi hópverkefni sem lokaverkefni til B.Ed. gráðu (Kristín Jónsdóttir, Menntavísindasvið HÍ)
- Google Chromebook – fartöla (Anna María Þorkelsdóttir, Hólabrekkuskóla)
- Sjónræn margmiðlunarforritun (Páll Thayer, SUNY – Purchase College)
- Myndvinnsluforritin Fotor, Canva og flipagram. Einnig valáfanginn árbók (Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, UT-torg)
- Garageband (Stefán Jökulsson, HÍ)
- iMovie (Hanna Rún Eiríksdóttir, Klettaskóla)
- Kynning á nemendabloggi og tilraunavídeóum sýna vinnu annarra kennra sem hugmyndir að skapandi vinnu (Svava Pétursdóttir, HÍ)
- Leap Motion controller – tölvustýring í þrívíðu sýndarrými (Tryggvi Thayer, Menntavísindasvið HÍ)

Myndirnar hér að neðan voru teknar á menntabúðum 30. október
2014











Múkk og múður menntabúðir

Fimmtudaginn 6. febrúar og þriðjudaginn 25. febrúar kl. 16-18 verða haldnar menntabúðir í stofu H-207 í aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. (Smelltu á dagsetningu til að skrá þig). Fyrir áramót voru haldnar þrennar menntabúðir sem mæltust mjög vel fyrir og var þátttaka góð. Þátttakendur komu víða að og eru dæmi um að nokkrir lögðu á sig allt að tveggja klukkustunda ferðalag. (Sjá smore auglýsingu)

Menntabúðir er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Þær eru ætlaðar starfandi kennurum á öllum skólastigum og fyrir kennaranema. Þátttakendur fá staðfesta viðurkenningu á endurmenntun frá Starfsþróun Menntavísindastofnunar HÍ. Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku.

Mikil vakning er í tengslum við fjarnám, vefnám, spjaldtölvur, innleiðingu nýrrar aðalnámskrár svo eitthvað sé nefnt. Fjölmörg áhugaverð þróunarverkefni eru í gangi úti í skólunum sem vert er að fylgjast með. Áhersla verður lögð á tengslamyndun fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi.

Meginmarkmið menntabúða er að:

- a) skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað
- b) veita þátttakendum tækifæri til að læra og prófa sig áfram með ýmis áhugaverð viðfangsefni
- c) stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýtingu nýrrar tækni og miðla í skólastarfi.

Eins og fyrirsögnin gefur til kynna verður aðaláhersla þessara menntabúða MOOC (sjá umfjöllun um MOOC námskeið) og Moodle (sjá umfjöllun um Moodle) en að sjálfsögðu er opið fyrir önnur framlög. Nauðsynlegt er að skrá þátttöku í hvert skipti til að auðvelða ut anumhald og skipulagningu. Smelltu á dagsetningarnar hér fyrir ofan til að skrá þig.

Fyrirkomulag:

Þátttakendur eru beðnir að koma með framlag í búðirnar en ekki er ætlast til að allir komi með innlegg. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námsskrárvinnu, eða að varpa fram spurningum. Tryggt verður að nóg áhugavert efni verði til reiðu. Þátttakendur eru hvattir til að koma með fartæki (fartölvu, spjaldtölvu, snjallsíma,...) með sér og hægt verður að tengjast neti.

Samstarfsaðilar menntabúða:

UT-torg og Menntamiðja

Fagaðilar og framhaldsnemar í upplýsingatækni og miðlun

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Menntasmiðja

Múkk og Múður Menntabúðir

MOOC OG MOODLE